




Reykjavík, 10. mars 2026
USK26010219

Hólmsheiði athafnasvæði lóð D – Fyrirspurn til skipulagsfulltrúa

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 10. mars 2026 var lögð fram fyrirspurn frá Safari hjól ehf., um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hólmsheiði 2. áfangi, athafnasvæði, dags. 7. janúar 2026, vegna breytingar á nýtingarhlutfalli lóðar D. Óskað er eftir að nýtingarhlutfall lóðarinnar verði lækkað í 0,3 eins og var fyrir breytingu 2025. Í núgildandi deiliskipulagi er nýtingarhlutfall 0,6.




2040

Deiliskipulag/ HverfisSKIPULAG.



Yfirlitsmynd af lóð



Aðalskipulag Reykjavíkur

Skipulag í gildi

Aðalskipulag: Í gildi er Aðalskipulag Reykjavíkur 2040, samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur þann 19. október 2021 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. janúar 2022. Skv. aðalskipulaginu tilheyrir lóðin Athafnasvæði / AT4 Athafnasvæði á Hólmsheiði við Suðurlandsveg.

Sértæk skipulagsákvæði: Einkum gert ráð fyrir landfrekri starfsemi sem hefur óverulega mengunarhættu í för með sér. Lögð verði áhersla á þrífalega og umhverfisvæna starfsemi, s.s. léttan iðnað, gagnaver, matvælaíðnað, vörugæmslur og umboðsverslanir og aðra umhverfisvæna iðnaðarstarfsemi. Sjá nánar kafla 7 í greinargerð aðalskipulags.

Deiliskipulag: Í gildi er deiliskipulag fyrir lóð D; Deiliskipulag Hólmsheiði 2. áfangi, athafnasvæði, samþykkt í borgarráði þann 8. september 2025 og birt í B-deild stjórnartíðinda þann 18. september 2025.

Umsögn

Óskað er eftir afstöðu skipulagsfulltrúa varðandi breytingu á deiliskipulagi. Um er að ræða breytingu á nýtingarhlutfalli lóðar D, í núgildandi deiliskipulagi er nýtingarhlutfall 0,6 og er óskað eftir að nýtingarhlutfall verði lækkað í 0,3.

Niðurstaða

- Skipulagsfulltrúi tekur vel í fyrirspurnina.
- Breytingar á deiliskipulagi verða gerðar á vegum Reykjavíkurborgar.



Reykjavík



Vakin er athygli á að fyrirspurn um afstöðu skipulagsfulltrúa til erindis byggir á innsendum gögnum og verður ekki lögð að jöfnu við formlega umsókn og svar í slíku tilfelli getur eðli máls samkvæmt ekki talist stjórnvaldsákvörðun. Afgreiðsla skipulagsfulltrúa á fyrirspurnum felur því ekki í sér lokaákvörðun og veitir ekki heimild til framkvæmda.

f.h. skipulagsfulltrúa Reykjavíkur

Íris Reynisdóttir
verkefnastjóri



Reykjavík